

**Ákvörðun Samgöngustofu nr. 72/2017 vegna kvörtunar um seinkun á flugi
WW405 þann 19. júní 2016.**

I. Erindi

Þann 23. nóvember sl. barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá A (hér eftir kvartandi). Kvartandi átti bókað far með flugi WOW air (WW) nr. WW405 frá París til Keflavíkur þann 19. júní 2016. Áætlaður komutími til Keflavíkur var kl. 14:10 en fluginu seinkaði og var raunverulegur komutími kl. 18:15, eða 4 klst. og 5 mínútna seinkun.

Kwartandi fer fram á bætur vegna seinkunarinnar skv. 7. gr. EB reglugerðar nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

II. Málavextir og bréfaskipti

Samgöngustofa sendi WW kvörtunina til umsagnar þann 23. nóvember sl. WW fór fram á frest til að skila umsögn til 27. desember og var umbeðin frestur veittur. Í svari WW sem barst SGS þann 27. desember, kemur m.a. fram að kvartandi hafi verið farþegi í flugi WW405 þann 19. júní 2016. Flugið hafi verið venjubundið turn-around flug þar sem flugvélin átti að flytja farþega frá Keflavík til Parísar og flytja farþega frá París til Keflavíkur í bakaleiðinni. Fyrra flugi hafi seinkað um 3 klst. og 45 mínútur sem leiddi til þess að seinna flugi hafi einnig seinkað. Ástæða þess að seinkun fór fram yfir 3 klst. hafi verið vegna yfirvinnubanns flugumferðarstjóra. Þeir hafi ekki náð að manna stöður sem til þurfti til að flugturninn væri starfshæfur og öryggiskröfum fullnægt. Ef flugvélin hefði lagt af stað frá Keflavík til Parísar þegar hún var reiðubúin til brottfarar hefði seinkunin ekki verið umfram 3 klst. WW mótmæli því ekki að seinkunin hafi farið fram yfir þann 3 klst. tímaramma sem Evrópuðómstólinn hefur myndað í dóumum sínum þegar hann hefur túlkað ákvæði reglugerðar EB nr. 261/2004 um bótaskylt flug. WW telji hins vegar að óviðráðanlegar aðstæður hafi verið fyrir hendi sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinna sem hafi valdið því að seinkunin fór fram úr þremur klukkustundum. Félagið sé með aðalstarfsstöð sína á Íslandi og að ekki sé hægt að ætlast til að WW sé með varaflugvélar til staðar á öllum sínum áfangastöðum til þess að koma í veg fyrir seinkun sem er rétt umfram 4 klst. WW víesar í umsögn sinni til 14. og 15. inngangsliða reglugerðar EB nr. 261/2004 og dóms Evrópuðómstólsins í máli C-22/11 Finnair Oyj v Timy Lassoy frá 4. október 2012 og hafnar bótaskyldu.

SGS sendi kvartanda svar WW til umsagnar þann 28. desember. Svar kvartanda barst 22. mars sl. þar sem kvartandi ítrekar kröfu sína um bætur og tekur fram að ekkert annað flugfélag hafi

orðið fyrir sambærilegum töfum og WW þennan dag og auk þess hafi verið haft eftir talmanni félagsins að tafirnar hefðu verið vegna bilaðrar flugvélar.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr. Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þetta dómafordæmi var staðfest með dómi Evrópudómstólsins í máli C-11/11 og hefur nú einnig verið lögfest með 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2012.

Loftferðalög nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þróngt, sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia og almennar meginreglur um túlkun lagaákvæða.

Kvartandi átti bókað far með flugi WW405 frá París til Keflavíkur þann 19. júní 2016. Fyrir liggur að rúmlega 4 klukkustunda seinkun varð á fluginu. Í umsögn WW er vísað til þess að seinkun flugsins megi rekja til þess að seinkun hafi orðið á fyrra flugi þeirrar vélar sem kvartandi átti bókað far með og að seinkunina megi rekja til yfirvinnubanns flugumferðastjóra á Keflavíkurflugvelli þennan dag.

Í ljósi þess að loftferðalögum nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega er það mat Samgöngustofu að þegar atvik sem leiða til seinkunar flugs, hafa áhrif á önnur eða síðari flug en það sem deilt er um, geti slík víxlverkun ekki talist til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB 261/2004 fyrir hin síðari flug. Því leiði töf á síðari flugum til bótaskyldu flugrekanda skv. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Stofnunin vísar í þessu sambandi til fyrri ákvarðana um áhrif víxlverkana, til að mynda með ákvörðun nr. 12/2011. Sú niðurstaða var staðfest í úrskurði innanríkisráðuneytisins í máli nr. IRR11040216 frá 11. október 2011 og með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-837/2012 frá 31. október 2013.

Í ljósi þeirrar túlkunar Samgöngustofu að áhrif víxlverkana falli ekki í flokk óviðráðanlegra aðstæðna, kemur þegar af þeirri ástæðu til bótaskyldu flugrekanda. Er því ekki þörf á að leggja sérstakt mat á hvort þær aðstæður sem ollu seinkun á fyrra flugi vélarinnar til Parísar teljist vera óviðráðnlegar aðstæður og ekki tekin afstaða til þess í þessari ákvörðun.

Samkvæmt framansögðu ber WW að greiða kvartanda bætur í samræmi við ákvæði reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Ákvörðunarorð

WOW air skal greiða kvartanda bætur að upphæð 400 evrur skv. b- lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Ákvörðun þessi er kæranleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 13. júlí 2017

Kristín Helga Markúsdóttir

Vala Hrönn Viggósdóttir